

Alþingi
Erindi nr. P 133/12S3
komudagur 27.2.2007

Nefndarsvið Alþingis, Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík


Skógræktarfélag Vestmannaeyja
Ólafur E. Lárusson
Vestmannabraut 63a
900 Vestmannaeyjum

Umsög um tillögu til þingsályktunar um trjáræktarsetur sjávarbyggða, 51 mál.

Skógræktarfélag Vestmannaeyja gerir ekki athugasemdir við frumvarpið eins og það birtist okkur í þskj. 51 – 51 mál. Skógræktarfélagið mun af fremsta megni styðja við og leggja málinu lið eins og því verður við komið á hverjum tíma. Skógræktarfélagið telur Vestmannaeyjar vel í sveit setta að hýsa slíkt setur. Hér eru fyrir setur Háskóla Íslands og Náttúrustofa Suðurlands þannig að samlegðaráhrif af slíkri stofnun eru auðsæ.

Á síðastliðnum 5 árum hafa verið gróðursettar 30 og 35 þúsund trjáplöntur, bæði af Skógræktarfélaginu og starfsmönnum bæjarins. Einnig er hér fyrir reitur sem settur var á stofn 1989 með tilstyrk Íslandsbanka þar sem rannsaka átti ræktunaraðferðir sem dygðu strandsvæðum og saltálag trjáa. Þá má ekki gleyma að hér liggja fyrir veðurfræðileg gögn til margra ára í veðurathugunarstöðinni á Stórhöfða.

Það er því einlæg von Skógræktarfélagi Vestmannaeyja að sjávarbyggðir við ysta haf komi til með að njóta góðs af slíku trjáræktarsetri í Vestmannaeyjum.

Með skógræktarkveðju
Skógræktarfélag Vestmannaeyja

Ólafur E. Lárusson formaður
Vestmannabraut 63 a email puffin1@simnet.is
900 Vestmannaeyjum